



F plús 2

Skilmáli nr. GH18

Tryggjandi er VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“.

Um trygginguna gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi nr. GH18.
- Almennur skilmáli VÍS nr. YY10.
- Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Skírteini og endurnýjunarkvittun ganga framur skilmálum. Skírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálar ganga framur frávíkjanlegum lagaákvæðum.

F plús er víðtæk fjölskyldutrygging sem tryggir þig og fjölskyldu þína fyrir ýmsum algengum tjónum.

Skilmáli segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið.

Skírteini staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skírteinið er aðgengilegt með því að skrá sig inn á vis.is.

Efnisyfirlit

- I. **Almennur skilmáli**
- II. **Heimilistrygging**
 - A. Innbú
 - B. Ábyrgðartrygging einstaklings
 - C. Málskostnaðartrygging
- III. **Áfallahjálp**
- IV. **Breytinga- og hjálpertækjakostnaður vegna slyss**
- V. **Innbúskaskó (Valkvætt)**
- VI. **Frítímaslysartrygging**
- VII. **Ferðatrygging (Valkvætt)**
 - A. Forfallatrygging
 - B. Ferðasjúkra- og ferðaroftrygging erlendis
 - C. Farangurstrygging erlendis
 - D. Farangurstafatrygging

Almennur skilmáli

1. Hverjir eru tryggðir?

- 1.1 Tryggingartaki, sem er sá einstaklingur sem nefndur er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 1.2 Einnig eru tryggð:
 - 1.2.1 Maki eða sambúðarmaki tryggingartaka og ógift börn þeirra, þ.m.t. fósturbörn, enda hafa þau sama lögheimili á Íslandi og tryggingartaki, sameiginlegt heimilishald og búa á sama stað.
 - 1.2.2 Maki tryggingartaka, þó hann hafi annað lögheimili.
 - 1.2.3 Börn tryggingartaka og börn maka eða sambúðarmaka hans sem eru yngri en 18 ára þótt þau eigi lögheimili á Íslandi á öðrum stað en tryggingartaki.
 - 1.2.4 Aðilar sem skráðir eru á skírteini eða endurnýjunarkvittun að beiðni tryggingartaka enda hafi þeir aðilar sama lögheimili og tryggingartaki, sameiginlegt heimilishald og búa á sama stað.

2. Tvítrygging

- 2.1 Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina tryggingu getur tryggður valið hvaða tryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til. Ef fleiri en eitt tryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð

Fjölskyldur og fjölskyldusamsetning getur verið alls konar. Þess vegna er mikilvægt að vita hverjir eru tryggðir undir F plús fjölskylduverndinni. Við hvetjum þig til að hafa samband við okkur ef fjölskylduhagir þínir passa ekki við gr. 1.2.1 og 1.2.2.



hvers þeirra um sig á tjóninu. Ákvæði þetta á ekki við um ábyrgðartryggingu einstaklings, áfallahjálp, frítímaslysaftryggingu og umönnunartryggingu barna.

3. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

3.1 Tryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

- Jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.
- Styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppþots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.
- Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangsefnis.

Náttúruhamfaratrygging Íslands bætir ýmsa tjón á eignum okkar í kjölfar náttúruhamfara sem getið er um í a)-lið. Sjá nánar á www.nti.is.

4. Brot á varúðarreglum

4.1 Skýlt er að fara eftir varúðarreglum í skilmálum þessum. Sé varúðarreglum ekki fylgt getur ábyrgð VÍS fallið niður í heild eða að hluta.¹

Varúðarreglur eru kröfur sem gerðar eru til tryggðra með það að markmiði að koma í veg fyrir tjón eða draga úr líkum á að tjón verði. Ýmsar varúðarreglur er að finna í skilmálanum og það er mikilvægt að vita hverjar þær eru.

5. Greiðsla

5.1 Krafa um greiðslu fyrir trygginguna fellur í gjalddaga þegar VÍS gefur út reikning vegna hennar.
5.2 Vanskil geta valdið réttindamissi og niðurfellingu tryggingarinnar.²

6. Endurgreiðsla

6.1 Falli trygging úr gildi áður en tryggingartímabili lýkur fær tryggingartaki endurgreiðslu í hlutfalli við þann tíma sem greitt hefur verið fyrir og tryggingin er ekki í gildi. Þetta gildir þó ekki ef trygging hefur fallið úr gildi vegna þess að VÍS hefur fullnægt skyldum sínum með því að greiða fullar bætur vegna bótaskylds tjóns.

7. Fyrning

7.1 Vegna ábyrgðartryggingar fyrnist ábyrgð VÍS samkvæmt reglum um fyrningu skaðabótaábyrgðar, sbr. 2. mgr. 52. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.
7.2 Vegna annarra trygginga fyrnist krafa um bætur á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs sem tryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á 10 árum frá lokum þess almanaksárs er tryggingaratburður varð.

Fyrning þýðir að réttur þinn til bóta vegna tjóns getur fallið niður ef ekkert er aðhafst í málinu í lengri tíma. Þú getur alltaf haft samband við okkur og kannað stöðuna á þínu máli.

Heimilistrygging

A. Innbú

1. Hvað er tryggt?

1.1 Tryggingin tekur til innbús sem er í eigu hinna tryggðu.

1.2 Með innbúi er átt við

- Almennt innbú og persónulega muni sem fylgja almennu heimilishaldi. Úr skartgripir bætast með allt að 5% af fjárhæð innbús sem kemur fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun, enda séu þessir munir á skráðu lögheimili tryggða þegar tryggingaratburður verður.
- Sérgreint innbú, þ.e. peningar, verðbréf, handrit, frumteikningar, mynt- og frímerkjasöfn sem bætast með allt að 1% af fjárhæð innbús samkvæmt skírteini eða endurnýjunarkvittun hver liður, enda séu þessir munir á skráðu lögheimili tryggðu þegar tryggingaratburður verður.
- Gleraugu, gervitennur og heyrnartæki í eigu og notuð eru af hinum tryggðu.
- Verkfæri, varahluti, áhöld og búnað er tryggður á og notar sjálfur í atvinnu sinni, bætast með allt að 5% af fjárhæð innbús samkvæmt skírteini eða endurnýjunarkvittun, enda séu þessir munir á skráðu lögheimili tryggðu þegar tryggingaratburður verður.
- Einn umgang sumar- eða vetrarhjólbarða undir hvern einkabíl sem skráður er í eigu tryggðu og geymdir eru í bílskúr eða annarri geymslu.
- Auka- og varahluti sem tilheyra vélknúnu ökutæki, hjólhýsi, fellihýsi, tjaldevagni eða skemmtibát í eigu tryggðu og eru til einkaafnota, geymd í bílskúr eða annarri geymslu tilheyrandi lögheimili hins tryggða. Hámarksbætur eru 2% af fjárhæð innbús samkvæmt skírteini eða endurnýjunarkvittun í hverjum tjónsatburði.

1.3 Lausafjármunir sem eiga að tilheyra brunabótamati húseignar skv. lögum og reglugerðum,

Innbú eru þeir hlutir sem þú eða fjölskyldan þín eigið persónulega ásamt munum eins og húsgögn, skrautmunir, leirtau og sængurföt svo dæmi séu tekin.

Ef að þú átt sérstaklega dýra hluti, eins og t.d. skartgrip, málverk, myndavél eða dýrt reiðhjól þá mælum við með að þú hafir samband til að tryggja það sérstaklega.

¹ sbr. 26. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

² sbr. 33. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.



geta aldrei fallið undir skilgreininguna almennt innbú í þessari tryggingu.

2. Hvar gildir tryggingin?

- 2.1 Tryggingin gildir á skráðu lögheimili tryggingartaka en tekur þó einnig til:
- Almenns innbús, sbr. a.-liður gr. 1.2, sem í allt að 90 daga er utan lögheimilis tryggingartaka hérlendis, en trygging á slíkum hlutum takmarkast þó við 15% af fjárhæð innbús sem fram kemur í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
 - Innbús, sbr. gr. 1.2, sem varanlega er staðsett í geymslu utan lögheimilis tryggingartaka hérlendis, en takmarkast þó við 15% af fjárhæð sem fram kemur í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
 - Innbús, sbr. gr. 1.2 sem flutt er í geymslu vegna flutninga eða framkvæmda á heimili tryggðu í allt að 12 mánuði frá upphafi geymslutímabils.

Ef þú þarft að koma innbúinu þínu fyrir annars staðar, t.d. vegna flutninga, þá þarftu kannski að tryggja það sérstaklega. Það fer allt eftir tímalengd og verðmæti innbúsins sem er í geymslu.

3. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin tekur til eftirfarandi atburða/atvika:	Hvað bætir tryggingin?	Hvað bætir tryggingin ekki?	Varúðarreglur sem tryggður þarf að fara eftir:
3.1 Eldsvoði, elding og sprenging	Tryggingin bætir tjón af völdum: a) Eldsvoða. ³ b) Eldingar. c) Sprengingar.	Tryggingin bætir ekki tjón: a) Sem verður vegna vinnu með sprengiefni við verklegar framkvæmdir.	a) Tryggður skal sjá til þess að munir séu ekki settir í hættu frá eldi eða hita.
3.2 Sóttfall	Tryggingin bætir tjón vegna: a) Sóttfalls sem verður skyndilega og óvænt frá viðurkenndu kynditæki eða eldstæði.	Tryggingin bætir ekki tjón af völdum: a) Söts eða reys sem safnast hefur smám saman fyrir við notkun.	
3.3 Viðbótarkostnaður vegna innbústjóns	Tryggingin bætir: a) Tjón af völdum slökkvi- og björgunaraðgerða þegar markmið með ráðstöfununum er að forðast eða takmarka tjón sem fellur undir trygginguna og ráðstafanirnar teljast sérstakar og réttlætanlegar. b) Nauðsynlegan flutning eða geymslu á innbúi í sambandi við bótaskyld tjón. c) Muni sem skemmast við ofangreindar aðgerðir		
3.4 Vatn, gufa og olía	Tryggingin bætir tjón af völdum: a) Vatns, gufu og olíu sem óvænt og skyndilega streymir úr leiðslu hússins og á upptök innan veggja hússins. b) Vatns sem streymir óvænt og skyndilega úr vatnsrúmmum eða fiskabúrum vegna bilana. c) Vatns sem flæðir úr hreinlætistækjum vegna mistaka eða bilana á tækjunum. d) Leka frá frystikistum og kælskápum, þó ekki á tækjunum sjálfum ef þau eru eldri en 5 ára. e) Yfirborðsvatns sem orsakast af skyndilegu úrhelli eða asahláku og vatnsmagn verður svo mikið að frárennslisleiðslur ná ekki að flytja það frá. ⁴	Tryggingin bætir ekki tjón af völdum: a) Utanaðkomandi vatns, svo sem grunnvatns, úrkomu, flóða, sjávarfalla eða vatns frá svölum, þökum, þakrennum eða frárennslisleiðslum þeirra. b) Vatns sem þrýstist upp úr skolp- eða frárennslisleiðslum eða ef skolpleiðslur geta skyndilega ekki flutt allt það vatn er að berst, þó með þeirri undantekningu ef leiðsla stíflast eða springur innanhúss	a) Tryggður skal sjá til þess að lokað sé fyrir vatnsaðstreymi í óupphituðu húsi og vatnslagnir tæmdar þegar hætta er á frosti til að fyrirbyggja frostsKemmdir. b) Tryggður skal sjá til þess að niðurföll séu í lagi með því að hreinsa frá þeim til að fyrirbyggja söfnun yfirborðsvatns.
3.5 Þjófnaður	Tryggingin bætir tjón vegna: a) Þjófnaðar úr íbúðarhúsnæði eða geymslu tilheyrandi lögheimili tryggingartaka. Ef íbúðarhúsnæði er ólæst en ekki mannlaustr greiðast bætur sem nema að hámarki 5% af fjárhæð sem fram kemur í skírteini eða endurnýjunarkvittun og tekur við slíkar aðstæður ekki til þjófnaðar á peningum, verðbréfum, úrum, skartgripum, handritum, frumteikningum, mynt- eða frimerkjasöfnum. b) Þjófnaðar úr sumarhúsi, hjólhúsi, veiðihúsi, einkabáti, einkaloftfari, bílskúr eða geymslu utan íbúðarhúsnæðis, sem nemur allt að 5% af fjárhæð sem fram kemur í skírteini eða endurnýjunarkvittun. c) Þjófnaðar úr bifreið. Greiðsluskýlda VÍS er að hámarki kr. 200.000. d) Þjófnaðar úr grunnskóla, sem nemur allt að 5% af fjárhæð sem fram kemur í skírteini eða endurnýjunarkvittun. Ákvæði þetta á eingöngu við um þjófnað á munum í eigu grunnskólanemenda og gildir einnig í íþróttahúsum, fristundarheimilum og á sundstöðum á vegum grunnskólans þegar nemendur eru í umsjá kennara eða starfsfólks.		a) Læsa skal íbúðarhúsum, sumarhúsum, veiðihúsum, hjólhúsum, bílskúrum, geymslum, bifreiðum, bátum og loftföllum og loka öllum gluggum og krækja aftur. Tryggður skal sjá til þess að ekki sé skilið við ólæst íbúðarhúsnæði mannlaustr. b) Tryggður skal læsa reiðhjól og léttu bifhjól í flokki I þegar hann skilur við það og geyma skal lykila á öruggum stað. c) Ekki skal skilja annað en fatnað eftir í fatahengjum eða fataskápum í grunnskóla eða öðru húsnæði tilheyrandi grunnskólakennslu, svo sem íþróttahúsum og sundstöðum.

³ Það telst ekki eldsvoði þegar hlutir sviðna eða bráðna ef eldur er ekki laus.

⁴ Hafa skal til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyldu hvort almennt eignatjón hafi orðið á tjónssvæðinu af völdum úrhellis og/eða asahláku er tryggingaratburðurinn átti sér stað



	e) Þjófnaðar á reiðhjólí, léttu bifhjólí í flokki I skv. skilgreiningu umferðalaga, barnavagni og barnakerru. Greiðsluskýlda VÍS er að hámarki kr. 200.000.		
3.6 Rán	Tryggingin bætir tjón af völdum: a) Ráns þegar hinir tryggðu munir eru teknir með líkamlegu ofbeldi eða hótun um að beita því þegar í stað, sbr. 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.		
3.7 Skemmdarverk	Tryggingin bætir tjón af völdum: a) Skemmdarverka sem unnin eru af ásetningi.	Tryggingin bætir ekki tjón af völdum: a) Skemmdarverka tryggða sjálfs. b) Skemmdarverka maka tryggða. c) Skemmdarverka einstaklings sem tryggður býr með í föstu varanlegu sambandi. d) Skemmdarverka á munum sem voru utan dyra annars staðar en við lögheimili tryggða.	
3.8 Brot eða hrun	Tryggingin bætir tjón af völdum: a) Brots eða hruns á innbúi á lögheimili tryggðu vegna tilfallandi bilana.	Tryggingin bætir ekki tjón: a) Á verkfærum, gleraugum, gervitönnum, heyrnartækjum og úrum sem verður vegna brots eða hruns. b) Af völdum vökva sem hellist niður við brot eða hrun. c) Vegna brots eða hruns af manna völdum.	a) Tryggður skal gæta þess að munir séu rétt og tryggilega festir samkvæmt notkunarleiðbeiningum.
3.9 Umferðaróhapp	Tryggingin bætir tjón a) á innbúi sem er staðsett í bifreið sem lendir í umferðaróhappi		
3.10 Suða (ofhitun)	Tryggingin bætir tjón: a) Á þvotti sem ofhitnar í þvottavél eða þurrkara ef tjónið stafar af bilun í þvottavélinni eða þurrkaranum. Til staðfestingar á því að um bilun hafi verið að ræða skal tryggður leggja fram reikning fyrir viðgerð ásamt bilunarlýsingu viðgerðarmanns.		a) Tryggður skal sjá til þess að notkun á þvottavél og þurrkara sé í samræmi við notkunarleiðbeiningar.
3.11 Ófyrirséð stöðvun á kælikerfi frystikistu eða kæliskáps	Tryggingin bætir tjón: a) Á matvælum vegna ófyrirséðrar stöðvunar á kælikerfi frystikistu eða kæliskáps, enda leiði það til eyðileggingar á matvælum sem í þeim eru. Bætur geta numið allt að 2% af fjárhæð sem fram kemur í skírteini eða endurnýjunarkvittun. b) Á frystikistunni eða kæliskápnunum sjálfum vegna ófyrirséðrar stöðvunar á kælikerfi tækisins ef það er yngra en 5 ára og ábyrgð seljanda nær ekki til tjónsins.		a) Tryggður skal sjá til þess að notkun á frystikistu og kæliskáp sé í samræmi við notkunarleiðbeiningar.
3.12 Skammhlaup	Tryggingin bætir tjón: a) Vegna skemmda á rafmagnstækjum sem rekja má til skammhlaups í þeim.	Tryggingin bætir ekki tjón: a) Á tækjum sem eru eldri en 10 ára. b) Sem ábyrgð seljanda viðkomandi tækja nær til. c) Sem rekja má til bilunar hjá rafmagnsveitu og veldur spennubreytingu.	a) Tryggður skal sjá til þess að notkun rafmagnstækja sem falla undir þennan tölulíð sé í samræmi við notkunarleiðbeiningar.
3.13 Skyndilegur snjóþungi	Tryggingin bætir tjón af völdum: a) Skyndilegs snjóþunga sem sligað hefur þak eða vegg húseignar.	Tryggingin bætir ekki tjón: a) Sem rekja má til byggingargalla.	
3.14 Óveður	Tryggingin bætir tjón af völdum: a) Óveðurs þegar vindhraði nær 28,5 metrum á sekúndu. Til óveðurstjóna á innbúi teljast eingöngu þau tjón sem verða þegar vindur hefur rofið þak, glugga eða aðra hluta hússins. Séu ekki fáanlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað er tjónið varð skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyldu hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum veðurs er tryggingaratburðurinn átti sér stað.		
3.15 Loftför	Tryggingin bætir tjón af völdum: a) loftfara og hluta sem frá þeim falla.		

4. Háttsemi annarra

4.1 Við ákvörðun bótaábyrgðar er VÍS heimilt að bera fyrir sig háttsemi maka hins tryggða og aðila sem hann býr með í föstu varanlegu sambandi.⁵

5. Hversu mikið er greitt úr tryggingunni?

5.1 Hámarksfjárhæð bóta kemur fram á skírteini eða endurnýjunarkvittun.

5.2 Fjárhæð bóta sem fram kemur á skírteini eða endurnýjunarkvittun er ekki sönnun fyrir verðmæti hinna tryggðu hagsmuna.

5.3 Fjárhæð bóta sem kemur fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun breytist samkvæmt vísitölu neysluverðs við endurnýjun.

⁵ sbr. 29. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.



6. Eigin áhætta

- 6.1 Af hverju tjóni ber tryggingartaki eigin áhættu sem tiltekin er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 6.2 Eigin áhætta vegna þjófnaðar á reiðhjól og léttu bifhjól í flokki I skv. skilgreiningu umferðarlaga er 25% í hverju tjóni, þó aldrei lægri en eigin áhætta sem gildir í innbúslíð tryggingarinnar.
- 6.3 Þegar hámarksbætur eru tilgreindar sem prósentuhlutfall af tryggingarfjárhæð innbús er átt við bætur þegar búið er að draga eigin áhættu frá.

Eigin áhætta er sá hluti tjónsins sem þú berð sjálfur.

Dæmi: tjónið nemur kr. 100.000 og eigin áhætta er 10%, þá færð þú greiddar kr. 90.000 í bætur.

7. Ákvörðun bóta

- 7.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi á nýjum hlut, sambærilegum þeim sem skemmdist. VÍS er heimilt að draga frá bótum verðrýrnun vegna aldurs, notkunar og annarra atriða sem geta haft áhrif á verðmæti hlutarins.
- 7.2 VÍS getur annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða ráðstafað hlutum til viðgerðar og greitt viðgerðarkostnað, ef unnt er að gera við hlutinn þannig að hann verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati félagsins.
- 7.3 VÍS getur greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu að teknu tilliti til verðrýrnunar samkvæmt gr. 7.1, ef hluturinn skemmist það mikið að ekki er unnt að gera við hann eða það borgar sig ekki að mati VÍS. Hafi VÍS greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til hlutarins sem skemmdist.
- 7.4 VÍS hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti hlutarins sem skemmdist eins og það var fyrir atburð og verðmæti eftir atburð.
- 7.5 Þrátt fyrir gr. 7.1 geta afskriftir af eftirfarandi hlutum ekki orðið meiri en fram kemur í töflunni hér á eftir. Afskriftir geta aldrei orðið meiri en 70%, sbr. þó 7.5.1 og 7.5.2.

Tegund	Afskrifast á	Afskriftir
Fatnaður	12 mánaða fresti	20%
Húsgögn	12 mánaða fresti	10%
Hljómflutningstæki	12 mánaða fresti	10%
Myndavélar	12 mánaða fresti	20%
Sjónvörp og spilarar	12 mánaða fresti	20%
Reiðhjól og léttbifhjól í flokki I	12 mánaða fresti	10%
Skíða- og viðlegubúnaður	12 mánaða fresti	20%
Gleraugu	12 mánaða fresti	10%
Heyrnatæki	12 mánaða fresti	20%
Þráðlausir hátalarar	12 mánaða fresti	20%
Önnur rafmagnstæki	12 mánaða fresti	10%

7.5.1 Eftirtaldir munir afskrifast að fullu eftir 2 ár:

Tegund	Afskrifast á	Afskriftir
Snjallúr, snjallsímar og aðrir farsímar ásamt fylgihlutum	6 mánaða fresti	25%

7.5.2 Eftirtaldir munir afskrifast að fullu eftir 5 ár:

Tegund	Afskrifast á	Afskriftir
Spjaldtölvur og lófatölvur ásamt fylgihlutum	12 mánaða fresti	25%
Borðtölvur og fartölvur ásamt fylgihlutum	12 mánaða fresti	20%

- 7.6 Bætur vegna tjóns á hljóð- og myndritum takmarkast við andvirði óritaðs disks, bands eða filmu að teknu tilliti til eðlilegra afskrifta. Þó greiðast bætur vegna útgefna hljóð- og myndrita og miðast þá við kaupverð að teknu tilliti til eðlilegra afskrifta.
- 7.7 Tölvugögn og hugbúnaður bætist ekki.
- 7.8 Minjagildi bætist ekki.
- 7.9 Tryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón tryggðu. Tryggður skal þannig ekki hagnast á atburði.
- 7.10 Stolnir munir sem koma fram eftir að VÍS hefur bætt tjónið eru eign VÍS og skal þeim skilað til þess. Tryggður getur þó haldið mununum ef hann óskar þess með því að endurgreiða bæturnar.

8. Undirtrygging

Sem dæmi má nefna að ef raunverulegt verðmæti innbús er tvöfalt hærra en fjárhæð bóta sem þú velur fyrir trygginguna þá verða bætur, sem annars yrðu 100.000 kr. miðaðar við rétt heildarverðmæti hinna tryggðu muna, aðeins 50.000 kr.



- 8.1 Sé heildarverðmæti tryggðra muna meira en fjárhæð bóta sem fram kemur í skírteini eða endurnýjunarkvittun bætist tjón hlutfallslega.

B. Ábyrgðartrygging einstaklings

9. Hvar gildir tryggingin?

- 9.1 Tryggingin gildir á Íslandi og á ferðalagi erlendis í allt að 92 daga talið frá brottfarardegi frá Íslandi.

10. Hvenær gildir tryggingin?

- 10.1 Tryggingin tekur til tryggingaratburðar sem verður á tryggingartímabilinu.
10.2 Komi afleiðingar atviks sem tjón hefur hlotist af og gerst hefur á tryggingartímabilinu ekki í ljós fyrr en tryggingin er fallin úr gildi greiðir VÍS samt sem áður bætur.
10.3 VÍS greiðir ekki bætur fyrir tjón vegna atviks sem varð áður en tryggingartímabilið hófst, enda þótt tjónið komi ekki í ljós fyrr en á tryggingartímabilinu.

11. Hvað bætir tryggingin?

- 11.1 Tryggingin bætir:
- Beint líkams- eða munatjón þriðja manns vegna skaðabótaábyrgðar tryggða sem fellur á hann sem einstakling samkvæmt íslenskum lögum. Með munum er átt við fasteign og lausafé, þ.m.t. dýr. Tryggingin bætir slík tjón að því leyti sem tjónþoli á ekki að bera tjónið sjálfur vegna eigin sakar.
 - Tjón af völdum léttra bifhjóla í flokki I skv. skilgreiningu umferðarlaga og reiðhjóla sem eru ekki tryggingarskyld skv. lögum um ökutækjatrýggingar þrátt fyrir i.-lið f-liðar gr. 11.2.
 - Beint líkams- eða munatjón þriðja manns sem börn, yngri en 10 ára og falla undir tryggingu þessa valda, án tillits til skaðabótaábyrgðar að lögum. Með munum er átt við fasteign og lausafé, þ.m.t. dýr. Tryggingin bætir slík tjón að því leyti sem tjónþoli á ekki að bera tjónið sjálfur vegna meðsakar eða meðábyrgðar. Tryggingavernd skv. grein þessari gildir ekki, þegar barn er aðili að umferðartjóni og tjón verður á skráningarskyldu ökutæki í notkun.
- 11.2 Tryggingin bætir ekki:
- Tjón innan samninga, þ.e. tjón sem tryggður ber ábyrgð á vegna vanefnda á samningi.
 - Tjón sem hinir tryggðu valda hverjir öðrum.
 - Tjón sem verður vegna atvinnu tryggðu, hvort sem um er að ræða eigin atvinnurekstur eða arðbæra vinnu í þjónustu annarra. Með atvinnu er einnig átt við hvers konar aukastörf sem tryggði vinnur gegn endurgjaldi.
 - Tjón á munum sem tryggði hefur til afnota, til geymslu eða eru af öðrum orsökum í hans vörslu.
 - Tjón sem stafar af handalögmálum eða þátttöku tryggðu í refsiverðum verknaði.
 - Tjón sem tryggður ber ábyrgð á vegna skaðabótaábyrgðar hans sem eiganda eða notanda:
 - Fasteigna, loftfara, báta, vélknúinna farartækja eða vinnuvéla.
 - Skotvopna.
 - Hesta, hunda, annarra húsdýra eða gæludýra.
 - Tjón sem stafar af eldsvoða, vatni vegna slökkvistarfs, reyk, sóti eða sprengingu.
 - Sektir, málskostnað eða önnur útgjöld í tengslum við refsímál.
 - Tjón sem verður vegna mengunar lofts, jarðar, gróðurs, sjávar eða vatns. VÍS bætir þó þess háttar tjón ef það verður rakið til eins skyndilegs atburðar.
 - Tjón vegna langvarandi raka eða vatnsleka.
 - Tjón sem rekja má til asbests eða efnis sem inniheldur asbest að einhverju leyti.

12. Varúðarreglur

- 12.1 Tryggðum ber að fara í einu og öllu eftir þeim lögum og reglum sem gilda á hverjum tíma um framleiðslu, afhendingu, flutning, geymslu eða varðveislu sprengiefna, eiturs eða annarra álíka hættulegra efna.

13. Hversu mikið er greitt úr tryggingunni?

- 13.1 Ábyrgð VÍS vegna hvers einstaks tryggingaratburðar takmarkast við hámarksfjárhæð bóta sem tilgreind er í skírteini eða endurnýjunarkvittun. Verði fleiri en eitt tjónsatvik af sömu orsök

Samkvæmt íslenskum lögum bera menn skaðabótaábyrgð á tjóni sem þeir valda öðrum með saknæmum og ólögnum hætti. Þessi regla er nefnd sakarregla og er grundvallarregla í íslenskum rétti. Ef sá sem sóttur er til greiðslu skaðabóta á ekki sök á tjóninu ber hann almennt ekki skaðabótaábyrgð.

Hlutverk ábyrgðartryggingar er að greiða skaðabætur fyrir hinn tryggða ef hann hefur bakað sér skaðabótaábyrgð, að því leyti sem tjónþoli á ekki að bera tjón sitt sjálfur vegna meðsakar eða meðábyrgðar, sem og að greiða kostnað sem tryggði verður fyrir ef skaðabótakrafa er gerð á hendur honum.

Tryggingin nær ekki til tjóns sem þú veldur sjálfum þér eða öðrum tryggðum.

Með hugtakinu „þriðji maður“ er hér átt við aðila sem er ekki tryggður undir þessari tryggingu. Dæmi um tjón þriðja manns er ef þú eða annar tryggður undir tryggingunni veldur t.d. nágretta tjóni á eignum hans. Í því samhengi er nágrenninn „þriðji maður“.

Áhættu samkvæmt f-lið gr. 11.2 er hægt að vátryggja sérstaklega.

Við bendum sérstaklega á varúðarreglur skilmálsans.



teljast þau vera af völdum eins tryggingaratburðar.

- 13.2 Kostnaður sem til er stofnað með samþykki VÍS til þess að skera úr um bótaskyldu hins tryggða og vextir af bótafjárhæð greiðast, enda þótt greiðsla VÍS fari af þeim sökum fram úr fjárhæð bóta sem tilgreind er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 13.3 Sé fjárhæð bóta sem tilgreind er í skírteini eða endurnýjunarkvittun lægri en höfuðstóll bótafjárhæðar greiðist aðeins sá hluti kostnaðar og vaxta er svarar til bótafjárhæðar þeirrar sem VÍS ber að greiða. Utan Norðurlanda takmarkast bótaskyldan við fjárhæð bóta sem tilgreind er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 13.4 Fjárhæð bóta sem tilgreind er í skírteini eða endurnýjunarkvittun breytist skv. vísitölu neysliverðs við endurnýjun.

14. Eigin áhætta

- 14.1 Af hverju tjóni ber tryggingartaki eigin áhættu sem tilgreind er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 14.2 Nái höfuðstóll bótakröfu ekki lágmarki eigin áhættu greiðir VÍS ekki heldur kostnað þótt krafan og kostnaðurinn verði samanlagt hærri en upphæð eigin áhættu.

15. Ákvörðun bóta fyrir líkamstjón

- 15.1 Tryggingin greiðir bætur fyrir líkamstjón þriðja manns á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993.

16. Ákvörðun bóta fyrir munatjón

- 16.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi.
- 16.2 VÍS getur annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem skemmdist og greitt viðgerðarkostnað, ef unnt er að gera við það sem skemmdist þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati VÍS.
- 16.3 VÍS getur greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu, ef ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati VÍS. Hafi VÍS greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.
- 16.4 VÍS hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti þess sem skemmdist eins og það var fyrir tryggingaratburð og verðmæti eftir tryggingaratburð.
- 16.5 Tryggði skal ekki hagnast á vátryggingaratburði. Tryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón hins tryggða.

17. Staða tjónþola við tjón

- 17.1 Ef trygging tekur til tjóns vegna skaðabótaábyrgðar sem tryggður ber getur tjónþoli krafist bóta beint frá VÍS. Skylt er að upplýsa tjónþola um ábyrgðartryggingu sé hún fyrir hendi.
- 17.2 Ef fram kemur krafa um bætur á hendur VÍS skal tilkynna það tryggðu án ástæðulauss dráttar og veita honum upplýsingar um meðferð kröfunnar. Viðurkenning VÍS á atriðum sem lúta að ábyrgð er ekki bindandi fyrir tryggða.
- 17.3 Nú tilkynnir tjónþoli VÍS að hann hyggist höfða mál á hendur því og getur VÍS þá krafist þess að hann beini málshöfðuninni einnig gegn tryggða. Skal VÍS tilkynna tjónþola um þá kröfu sína án ástæðulausrar tafar og á sannanlegan hátt.
- 17.4 Um stöðu tjónþola að öðru leyti vísast til 44. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

18. Meðferð bótakrafna

- 18.1 Tryggða ber að leita samráðs við VÍS um réttarstöðu sína ef hann er krafinn skaðabóta vegna tjóns sem hann er talinn eiga sök á.
- 18.2 Tryggði má ekki viðurkenna bótaskyldu sína eða gera samninga um bætur án samþykkis VÍS. Viðurkenning tryggða á skaðabótaskyldu skuldbindur aðeins hann sjálfan en ekki VÍS.
- 18.3 VÍS kemur fram fyrir hönd tryggðu og ræður málsmeðferð allri og annast málsmeðferð fyrir dómstólum ef á reynir. Sama gildir um kröfur um laun fyrir björgun eða aðstoð.

C. Málskostnaðartrygging

19. Hvar gildir tryggingin?

- 19.1 Tryggingin gildir á Íslandi og á ferðalagi erlendis í allt að 92 daga talið frá brottfarardegi.

20. Hvenær gildir tryggingin?

- 20.1 Tryggingin tekur til ágreinings sem kemur upp á tryggingartímabilinu, enda hafi hún þá verið í gildi hjá VÍS að minnsta kosti í tvö ár samfleytt. Hafi tryggður haft sams konar tryggingu hjá



öðru tryggingafélagi fær hann þá tryggingu reiknaða sér til góða.

20.2 Tryggingin tekur einnig til ágreinings ef:

20.2.1 Atburðir eða þau atvik sem liggja til grundvallar kröfunni hafa gerst eftir að tryggingin tók gildi.

20.2.2 Tryggður hefur ekki lengur málskostnaðartryggingu eða sambærilega tryggingu þegar ágreiningur kemur upp ef tryggingin hefur verið í gildi þegar þeir atburðir eða þau atvik sem liggja til grundvallar kröfunni gerðust og ekki eru liðin 4 ár frá atburðinum eða atvikinu.

21. Hvað bætir tryggingin?

21.1 Tryggingin bætir málskostnað:

- a) Vegna ágreinings sem snertir tryggðan sem einstakling og getur komið til úrlausnar héraðsdóms, Landsréttar eða Hæstaréttar hér á landi og er til lykta leiddur með dómi, úrskurði eða dómsátt gerðri skv. 109. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Sé um að ræða ágreining sem ekki verður vísað til dómstóla nema að undangenginni málsmeðferð á öðrum vettvangi tekur tryggingin einungis til kostnaðar sem til er stofnað að lokinni slíkri meðferð. Tryggingin tekur einnig til endurupptöku, sé hún heimiluð og skilyrði 20. gr. skilmálans séu uppfyllt. Tryggðum er skylt að láta reyna á að fá málskostnað greiddan með því að sækja um gjafsókn, nema augljóst sé að hann uppfylli ekki skilyrði til þess.

21.2 Tryggingin bætir ekki málskostnað:

- a) Vegna sakamála.
- b) Vegna ágreinings sem aðeins getur komið til úrskurðar framkvæmdavalds eða sérdómstóla.
- c) Sem varðar hjónaskilnað eða mál sem upp kunna að koma í sambandi við hjónaskilnað. Sama gildir um mál vegna sambúðarslita og önnur mál sem varða ágreining um forræði barna, umgengnisrétt og faðernismál.
- d) Sem er í tengslum við atvinnu eða embættisrekstur tryggðs.
- e) Sem varðar ábyrgð sem tryggður hefur gengið í þ.m.t. lánsveð í fasteignum.
- f) Sem varðar fjárhagslegar ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða óvenju umfangsmiklar fyrir einstakling eða stafa af því að einstaklingur gengur í ábyrgð fyrir annan.
- g) Sem varðar kröfu eða annað tilkall sem framselt hefur verið hinum tryggða.
- h) Sem varðar tryggðan sem eiganda fasteignar.
- i) Sem varðar tryggðan sem eiganda, notanda eða stjórnanda vélknúins farartækis, hjólhýsis, fellihýsis eða annarra tengivagna, loftfars, skips, gufubáts, vélbáts eða seglskútu þ.m.t. fjárskuldbindingar sem tengjast framan töldu.
- j) Sem varðar skaðabætur eða aðrar kröfur sem varða verknað sem leiðir til gruns eða ákæru á hendur tryggða vegna brots sem er saknæmt.
- k) Sem varðar víxilmál og innheimtumál gegn tryggða þar sem krafa er óumdeild eða óumdeilanleg.
- l) Ef ekki eru fyrir hendi réttmætir hagsmunir af því að fá dóm í málinu. Slíkir hagsmunir verða t.d. ekki taldir vera fyrir hendi ef umsókn um gjafsókn hefur af þeirri ástæðu verið hafnað eða veiting gjafsóknar verið afturkölluð.
- m) Sem varðar ágreining tryggða við VÍS.
- n) Sem varðar mál sem snúast um gjaldþrot eða nauðasamninga, þar sem tryggður er sjálfur gjaldþrota eða leitar nauðasamninga.

22. Val á lögmanni

22.1 Það er skilyrði bótaskyldu að tryggður hafi leitað aðstoðar lögmanns sem tekið hefur málið að sér. Tryggður velur sjálfur lögmann meðal félaga í Lögmannafélagi Íslands. Lögmaður getur ekki farið sjálfur með eigið mál án samþykkis VÍS.

22.2 Lögmaðurinn skal tilkynna VÍS þegar hann hefur tekið að sér málið áður en frekar er aðhafst í því. Lögmaðurinn getur þó framkvæmt það í málinu sem ekki þolir bið.

23. Ákvörðun bóta

23.1 VÍS greiðir vegna hvers tjóns nauðsynlegan og eðlilegan lögmanns- og málskostnað sem tryggður getur ekki fengið greiddan frá mótaðila eða hinu opinbera þegar málið hefur verið til lykta leitt. Þetta þýðir m.a. að VÍS greiðir ekki ef tryggður gefur frá sér möguleika að innheimta málskostnað frá mótaðila með eða án málsóknar.

23.2 Um eitt tjón telst vera að ræða ef hinir tryggðu eiga aðild sömu megin að ágreiningi eða máli.



Ef tryggður á í fleiri ágreiningsmálum skulu slík mál talin eitt tjón svo fremi að kröfur þær sem uppi eru hafðar séu í meginatriðum af sömu rót.

23.3 Komi upp ágreiningur um réttmæti máflutningsþóknunar ber tryggða að leggja ágreininginn fyrir úrskurðarnefnd lögmanna samkvæmt 26. gr. laga um lögmennt nr. 77/1998.

23.4 VÍS greiðir:

- Þóknun lögmanna og kostnað.
- Kostnað við að afla álitserða ef lögmaður tryggða biður um álitserðina áður en til dómsmáls kemur eða augljóst má telja að dómur yrði ekki lagður á mál án þess háttar álitserðar.
- Kostnað við leiðslu vitna eða aðra sönnunarfærslu fyrir dómstólum.
- Réttargjöld.
- Málskostnað sem tryggður er dæmdur eða úrskurðaður til að greiða gagnaðila af dómstóli við lok máls.
- Málskostnað sem tryggður tekur á sig í réttarsátt að greiða gagnaðila ef augljóst er að dómstóll hefði dæmt hann til að greiða hærri málskostnað ef dómur hefði gengið.

23.5 VÍS greiðir ekki:

- Eigin vinnu, tekjuskurðingu, ferða- og dvalarkostnað eða annan kostnað tryggðs.
- Fullnustu dóms, úrskurðar eða samkomulags.
- Aukakostnað sem stafar af því að fengnir eru fleiri lögmennt eða skipt er um lögmann.
- Aukakostnað sem stafar af því að tryggður eða lögmaður hans gerist sekur um vanrækslu í málarekstrinum eða hefur að öðru leyti sýnt af sér vanrækslu.
- Hærri bætur vegna málskostnaðar en sem svarar til stefnufjárhæðar, ef hún er til staðar, en annars sem svarar til fjárhæðar þeirra hagsmuna sem ágreiningur er uppi um, þó aldrei hærri bætur en fjárhæð bóta sem fram kemur í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

24. Hversu mikið er greitt úr tryggingunni?

24.1 Hámarksfjárhæð bóta kemur fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

24.2 Nú tekur sami lögmaður og/eða sama lögmannastofa að sér mál, þar sem fimm eða fleiri tryggðir eiga sömu lögvörðu hagsmuna að gæta og málarekstur þeirra uppfyllir skilyrði laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 um samlagsaðild og/eða málsóknarfélög, þá greiðir VÍS aldrei hærri hlutfall af fjárhæð málskostnaðar sem kemur fram á skírteini eða endurnýjunarkvittun en sem kemur fram í töflunni hér á eftir:

Fjöldi	Hlutfall
5-15	80%
16-30	65%
31-50	40%
51+	30%

24.3 Fjárhæð bóta breytist skv. vísitölu neysluverðs við endurnýjun.

25. Eigin áhætta

25.1 Af hverju tjóni ber tryggingartaki eigin áhættu sem fram kemur í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

26. Endurkrafa

26.1 Að svo miklu leyti sem bætur vegna tryggingarinnar hafa verið greiddar eignast VÍS rétt hins tryggða til málskostnaðar frá gagnaðila eða hinu opinbera.

Áfallahjálpi

1. Hvar gildir tryggingin?

- Tryggingin gildir á Íslandi.
- Tryggingin gildir á ferðalagi erlendis í allt að 92 daga talið frá brottfarardegi frá Íslandi.

2. Hvað bætir tryggingin?

- VÍS greiðir fyrir áfallahjálpi tryggðs ef:



- a) Brotist er inn á heimili tryggðs.
 - b) Heimili tryggðs verður fyrir verulegu eignatjóni.
 - c) Þegar tryggðum munum er rænt af tryggðu, það er, þegar þeir eru teknir með líkamlegu ofbeldi eða hótunum um að beita því þegar í stað, sbr. 252. gr almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
 - d) Einhver tryggðu lendir í alvarlegu slysi.
- 2.2 Það er skilyrði fyrir bótaskyldu að tjónsatvikið, sem orsakar að tryggður þurfi á áfallahjálpar að halda, sé bótaskyld og greitt skv. einhverjum kafla F plús tryggingarinnar.
- 2.3 VÍS greiðir ekki bætur:
- a) Vegna tjónsatvika sem áttu sér stað áður en tryggður öðlaðist tryggingarvernd vegna áfallahjálpar.

3. Ákvörðun bóta

- 3.1 VÍS greiðir kostnað við allt að 4 klukkustunda samtalsmeðferð á starfsstöð meðferðaraðila á Íslandi. Meðferðin skal hefjast innan 6 vikna frá tjónsatburði og vera lokið innan 6 mánaða.
- 3.2 VÍS greiðir aðeins viðtalskostnað en annar kostnaður svo sem ferðakostnaður er ekki greiddur.
- 3.3 Samþykki VÍS fyrir greiðslu kostnaðar er nauðsynlegt áður en aðstoðar er leitað.

4. Hversu mikið er greitt úr tryggingunni?

- 4.1 Hámarksfjárhæð bóta fyrir hvern tryggðan í hverjum tryggingaratburði kemur fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 4.2 Fjárhæð bóta breytist samkvæmt vísitölu neysliverðs við endurnýjun.

Breytinga- og hjálpertækjakostnaður vegna slyss

1. Hvar gildir tryggingin?

- 1.1 Greiddur er kostnaður vegna nauðsynlegra breytinga á húsnæði tryggingartaka og/eða nauðsynlegra hjálpertækja í kjölfar bótaskylds slyss er veldur varanlegri læknisfræðilegri örorku samkvæmt frítímaslysstryggingarkafli þessarar tryggingar.

2. Hversu mikið er greitt úr tryggingunni?

- 2.1 Við greiðslu bóta skal skila inn reikningi. Á reikningi þarf að koma fram hvaða framkvæmdir voru gerðar á húsnæði og hvers konar hjálpertækji voru keypt.
- 2.2 Allar breytingar og kaup á hjálpertækjum skulu vera gerð í samráði við VÍS.

3. Greiðsla

- 3.1 Bætur greiðast aðeins einu sinni vegna hvers þess sem tryggður er úr þessum kafla tryggingarinnar.

4. Hversu mikið er greitt úr tryggingunni?

- 4.1 Hámarksfjárhæð bóta fyrir hvern tryggðan í hverjum tryggingaratburði kemur fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 4.2 Fjárhæð bóta sem fram kemur í skírteini eða endurnýjunarkvittun er ekki sönnun fyrir verðmæti hinna tryggðu hagsmuna.
- 4.3 Fjárhæð bóta breytist samkvæmt vísitölu neysliverðs við endurnýjun.

Innbúskaskó (Valkvætt)

1. Hvað er tryggt?

- 1.1 Tryggingin tekur til almenns innbús og persónulegra muna sem fylgja almennu heimilishaldi, sbr. gr. 1.1 og 1.2 í innbúskafli í heimilistryggingu F plús.
- 1.2 Tryggingin tekur ekki til tjóns sem er bótaskyldt samkvæmt heimilis- eða farangurstryggingu F plús jafnvel þó að fullar bætur fái ekki greiddar.

2. Hvar gildir tryggingin?

- 2.1 Tryggingin gildir á Íslandi.
- 2.2 Tryggingin gildir á ferðalagi erlendis í 92 samfellda daga frá upphafi ferðar frá Íslandi og heim aftur ef ferðatryggingin er innifalin í tryggingunni.

Innbúskaskó er valkvæð trygging sem veitir þér ríka vernd gegn tjóni á innbúi þínu. Tryggingin er innifalin ef hún er tilgreind í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

Óhöpp á ferðalagi erlendis sem valda tjóni á innbúi eru einungis bætt ef þú ert með valkvæða ferðatryggingu F plús.



3. Hvað bætir tryggingin?

3.1 Tryggingin bætir:

- a) Tryggingin bætir tjón af völdum skyndilegra og ófyrirsjáanlegra utanaðkomandi atvika á tryggingartímabilinu, sem eru ekki bótaskyld samkvæmt öðrum ákvæðum skilmálans eða eru undanskilin samkvæmt a.-h. liðum gr. 3.2. hér á eftir.

3.2 Tryggingin bætir ekki:

- a) Tjón sem rekja má til eðlilegs slits, svo og tjón sem eingöngu veldur útlitsgalla en rýrir ekki notagildi hins tryggða.
- b) Tjón sem rekja má til galla, rangrar samsetningar eða innri bilana, svo sem vélrænna bilana.
- c) Tjón sem orsakast af snöggum hita- og/eða rakabreytingum
- d) Tjón sem rekja má til myglu.
- e) Tjón vegna þjófnaðar.
- f) Tjón vegna dýra.
- g) Tjón á tölvugögnum og hugbúnaði.
- h) Minjagildi.

4. Varúðarreglur

- 4.1 Tryggður skal fara að fyrirmælum framleiðanda hvað varðar meðhöndlun, notkun og viðhald hins tryggða.
- 4.2 Tryggður skal loka gluggum, krækja þá aftur og læsa hóbýlum, bílum, bátum og öðrum stöðum þar sem hinir tryggðu munir eru skildir eftir.
- 4.3 Tryggður skal ekki skilja við hina tryggðu muni eftirlitslausa á almannafæri og gæta þess að taka þá með þegar staður er yfirfinn.

Við bendum sérstaklega á varúðarreglur skilmálans.

5. Háttsemi annarra

- 5.1 VÍS er heimilt að bera fyrir sig háttsemi maka hins tryggða eða aðila sem hann býr með í föstu varanlegu sambandi þegar bótaábyrgð er ákvörðuð.⁶

6. Hversu mikið er greitt úr tryggingunni?

- 6.1 Hámarksfjárhæð bóta vegna hvers einstaks tjóns svo og hámarksbætur á tryggingartímabilinu koma fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 6.2 Fjárhæð bóta sem kemur fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun er ekki sönnun fyrir verðmæti hinna tryggðu hagsmuna.
- 6.3 Fjárhæð bóta breytist samkvæmt vísitölu neysluverðs við endurnýjun.

7. Eigin áhætta

- 7.1 Af hverju tjóni ber tryggingartaki eigin áhættu sem tiltekin er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

8. Ákvörðun bóta

- 8.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi á nýjum hlut, sambærilegum þeim sem skemmdist. VÍS er heimilt að draga frá bótum verðrýrnun vegna aldurs, notkunar og annarra atriða sem geta haft áhrif á verðmæti hlutarins. Skal þá beita afskriftarreglum í innbúskafila heimilistryggingar.
- 8.2 VÍS getur annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða ráðstafað hlutnum til viðgerðar og greitt viðgerðarkostnað, ef unnt er að gera við hlutinn þannig að hann verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati VÍS.
- 8.3 VÍS getur greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu að teknu tilliti til verðrýrnunar samkvæmt gr. 8.1, ef hluturinn skemmist það mikið að ekki er unnt að gera við hann eða það borgar sig ekki að mati VÍS. Hafi VÍS greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til hlutarins sem skemmdist.
- 8.4 VÍS hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti hlutarins sem skemmdist eins og það var fyrir tryggingaratburð og verðmæti eftir tryggingaratburð.
- 8.5 Bætur vegna tjóns á hljóð- og myndritum takmarkast við andvirði óritaðs disks, bands eða filmu að teknu tilliti til eðlilegra afskrifta. Þó greiðast bætur vegna útgefna hljóð- og myndrita og miðast þá við kaupverð að teknu tilliti til eðlilegra afskrifta.
- 8.6 Tryggður skal ekki hagnast á tryggingaratburði. Tryggingin skal einungis bæta raunverulegt

⁶ sbr. 29. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.



tjón tryggðs.

- 8.7 Stólnir munir sem koma fram eftir að VÍS hefur bætt tjón eru eign VÍS og skal þeim skilað til þess. Tryggður getur þó haldið mununum ef hann óskar þess með því að endurgreiða bæturnar.

Fritímaslysaftrygging

1. Hvar gildir tryggingin?

- 1.1 Tryggingin gildir hvar sem er í heiminum.
1.2 Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. almenns skilmála gildir tryggingin fyrir námsmenn erlendis í allt að 9 mánuði eftir brottför frá Íslandi haldi námsmaður lögheimili sínu á Íslandi.

2. Hugtakið slys

- 2.1 Með hugtakinu slys er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist án vilja hans. Við meiðsl á útlimum og vegna tannbrota er þess þó eingöngu krafist að um sé að ræða skyndilegan atburð sem veldur meiðslum á líkama tryggðs og gerist án vilja hans.

3. Hvað bætir tryggingin?

- 3.1 VÍS greiðir bætur vegna slyss sem tryggður verður fyrir í frístundum, við heimilisstörf, í ólaunuðu námi eða við almennar íþróttaiðkanir, ef það leiðir til:
- Andláts.
 - Varanlegar læknisfræðilegrar örorku.
 - Tímabundins missis starfsorku.
 - Tannbrots.
- 3.2 VÍS greiðir einnig innlendan sjúkrakostnað:
- Ef kostnaðurinn hefur hlotist af bótaskyldu slysi, þó ekki vegna tannbrots.
- 3.3 Innlendum sjúkrakostnaður greiðist eingöngu gegn framvísun reiknings. Með innlendum sjúkrakostnaði er átt við kostnað sem viðurkenndur er af Sjúkratryggingunum Íslands.
- 3.4 Ef tryggður er með gilda reiðhjólaftryggingu hjá VÍS þá gildir fritímaslysaftryggingin við æfingar og keppni í hjólríðum á hinu tryggða reiðhjóli án viðbótargjalds, þrátt fyrir c-lið gr. 3.5.
- 3.5 VÍS greiðir ekki bætur vegna slysa sem verða:
- Af völdum skráningarskylds vélknúins ökutækis á Íslandi. Þó greiðir VÍS bætur vegna slyss sem verður að völdum léttis bifhjóls í flokki I skv. umferðalögum.
 - Af völdum vélknúins ökutækis sem skráð er erlendis þar sem lögboðið er að tryggja vegna slíkra slysa, eða ef til staðar er lögboðinn sjóður í viðkomandi landi sem bætir þannig slys.
 - Í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum ef tryggður hefur náð 16 ára aldri. Með íþróttum er hér átt við einstaklings- eða liðsíþróttir sem æfðar eru reglulega undir leiðsögn þjálfara á vegum félaga eða samtaka sem hafa íþróttakeppni að tilgangi. Þessi takmörkun á þó ekki við um almenningsþátttöku í keppni eða æfingum í golfi, götuhjólríðum, þríþraut, víðavangs- eða götuhlaupi.
 - Í bardaga-, glímu-, eða sjálfsvarnaríþróttum þar sem tilgangur íþróttanna er að slá, kyla eða sparka til andstæðingsins eða takast á við hann á annan hátt. Undanþága þessi á þó ekki við börn yngri en 16 ára.
 - Í akstursíþróttum. Undanþága þessi á þó ekki við börn yngri en 16 ára.
 - Í bjargsigi, kletta-, fjalla- og ísklifri.
 - Í fjallgöngu af hvaða tegund sem er í yfir 4.000 metra hæð frá sjávarmáli.
 - Í köfun með súrefniskút og fríköfun (án súrefnis) á meira dýpi en 10 metrar.
 - Í loftbelgsflugi og fallhlífastökki.
 - Í svífvængja-, dreka-, svíf-, físvélaflugi og öðrum sambærilegum athöfnum.
 - Í teygjustökki og BASE stökki og öðrum sambærilegum athöfnum.
 - Í flugi, nema tryggður sé farþegi í áætlunar- eða leiguflugi á vegum aðila sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálayfirvalda.
 - Í handalögmálum eða við þátttöku í refsiverðum verknaði.
 - Af völdum ljósabaða, lækningameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar, nema meðferðin sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss og gerð á viðurkenndri heilbrigðisstofnun.
 - Af völdum kvalastillandi lyfja eða svefnlyfja.
 - Af völdum eitraðra lofttegunda, nema það hafi orðið skyndilega og án vilja

Dæmi um innlendan sjúkrakostnað getur verið kostnaður sem fellur til vegna læknisheimsókna, lyfjakostnaðar eða endurhæfingar í tengslum við slysið.

Áhættu samkvæmt c.-i. lið gr. 3.5 er hægt að tryggja sérstaklega.



- tryggðs.
- q) Af völdum matar- eða drykkjareitrunar.
 - r) Af völdum sýkingar vegna skordýrabits eða stungu.
 - s) Beint eða óbeint af völdum hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira, eða þegar afleiðingar slyss verða meiri vegna framangreindra atriða.
 - t) Á beinni leið til og frá vinnu.

4. Hversu mikið er greitt úr tryggingunni?

- 4.1 Hámarksfjárhæðir bóta koma fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 4.2 Fjárhæðir bóta sem koma fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun breytast í samræmi við vísitölu neysluverðs við endurnýjun.
- 4.3 Sé tryggður 60 ára eða eldri, verða tryggingarfjárhæðir vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku eftirtaldir hundraðshlutar af hámarks tryggingarfjárhæð örorkubóta:

Aldursbil	Prósenta
60 til 62 ára	95%
63 til 64 ára	90%
65 til 66 ára	85%
67 til 68 ára	70%
69 til 70 ára	60%
71 til 72 ára	50%
73 til 74 ára	40%
75 til 76 ára	30%
77 ára og eldri	20%

- 4.4 Börn yngri en 16 ára eru ekki tryggð gegn tímabundnum missi starfsorku og ekki fyrir hærri dánarbótum en sem nemur 25% af dánarbótum slysatryggingar.
- 4.5 67 til 70 ára er tryggð fyrir 50% af fjárhæðum vegna tímabundins missis starfsorku.
- 4.6 71 árs og eldri eru ekki tryggð gegn tímabundnum missi starfsorku.
- 4.7 70 ára og eldri eru ekki tryggð fyrir hærri dánarbótum en sem nemur 25% af dánarbótum slysatryggingar.
- 4.8 Bætur reiknast eins og hér segir:
 - 4.8.1 Dánarbætur breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölu neysluverðs frá slysdegi til dánardags.
 - 4.8.2 Örorkubætur breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölu neysluverðs frá slysdegi til uppgjörsdags. Vísitölubinding örorku varir þó aldrei lengur en í þrjú ár frá slysdegi.
 - 4.8.3 Dagpeningar breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölu neysluverðs frá slysdegi meðan starfsorkumissir varir.

5. Ákvörðun bóta

- 5.1 Dánarbætur
 - 5.1.1 Látist tryggður vegna afleiðinga slyss innan eins árs frá slysdegi greiðast dánarbætur, að frádregnum bótum sem VÍS kann að hafa greitt tryggða fyrir varanlega örorku vegna sama slyss.
 - 5.1.2 Hafi tryggður engan á framfæri sínu greiðast einungis 25% af dánarbótum slysatryggingar. Með framfæranda er átt við þann sem sannanlega hefur barn eða fullorðinn einstakling á framfæri sínu.
 - 5.1.3 Ef tryggður deyr af völdum slyss þegar meira en ár er liðið frá slysdegi, en áður en endanlegt örorkumat hefur farið fram, greiðast bætur samkvæmt bráðabirgðaörorkumati, en þó aldrei hærri fjárhæð en dánarbætur hefðu verið.
 - 5.1.4 Dánarbætur greiðast því aðeins að slysið sé bein og eina orsök að andláti tryggðs. Ef sjúkdómur, veiklun eða sjúklegt ástand tryggðs eru meðorsakir dauða hans greiðast engar dánarbætur. Þetta gildir hvort sem ástand þetta var til staðar þegar slysið varð eða skapaðist síðar, án þess þó að vera beinlínis og einungis afleiðing af slysi sem tryggingin nær til.
 - 5.1.5 VÍS á rétt á því að hinn látni verði krufinn til þess að leidd verði í ljós dánarorsök og annað sem máli gæti skipt um bótaábyrgð VÍS.
 - 5.1.6 Dánarbætur greiðast maka tryggðs. Sé maki ekki til staðar greiðast þær til erfingja



- samkvæmt lögum eða erfðaskrá.
- 5.2 Bætur vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku
- 5.2.1 Valdi slys tryggðum varanlegri læknisfræðilegri örorku innan þriggja ára frá því slysið varð greiddast örorkubætur.
- 5.2.2 Ekki eru greiddar bætur vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku ef hún er lægri en 15%.
- 5.2.3 Örorkuna skal meta í hundradshlutum samkvæmt töflum Örorkunefndar um miskastig sem eru í gildi þegar örorkumat fer fram. Við ákvörðun örorkunnar ber ekki að taka tillit til starfs, sérstakra hæfileika né þjóðfélagsstöðu. Slys sem eingöngu valda lýti skal ekki meta til örorku. Ef líkur eru til að ástand tryggða megi bæta með skurðaðgerðum eða öðrum slíkum aðgerðum ber að taka tillit til hugsanlegs bata, sem slíkar aðgerðir kynnu að hafa í för með sér. Sé áverka hins slasaða ekki getið í töflum Örorkunefndar um miskastig skal meta hann sérstaklega með hliðsjón af töflunum.
- 5.2.4 Við mat á varanlegri læknisfræðilegri örorku skal beita hlutfallsreglu eftir því sem við á.
- 5.2.5 Bætur vegna varanlegrar örorku greiddast í hlutfalli við grunnfjárhæð örorku sem fram kemur á skírteini eða endurnýjunarkvittun sem í gildi var á slysdegi þannig að hvert örorkustig frá 26-50% verkar tvöfalt, hvert örorkustig frá 51-75% verkar þrefalt og hvert örorkustig frá 76-100% verkar fjórfalt. Bætur við 100% varanlega örorku verða því 250% af grunnfjárhæð.
- 5.2.6 Ef missir útlíma, sjónar eða heyrnar er ekki alger, bætist örorkan hlutfallslega. Ef útlimir eru algerlega ónothæfir telst það missir þeirra. Ef þeir eru að einhverju leyti nothæfir reiknast örorkan hlutfallslega.
- 5.2.7 Missir eða bæklun á útlím eða líffæri sem var ónothæft fyrir slysið gefur ekki rétt til bóta vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku. Missir eða bæklun á útlím eða líffæri sem áður var bæklað skal metið til örorku með hliðsjón af bækluninni fyrir slysið.
- 5.2.8 Örorkan skal að jafnaði metin einu ári eftir slysið, annars þegar lækni telur að varanlegar afleiðingar slyssins hafi komið í ljós, en þó ekki síðar en þremur árum eftir slysdag.
- 5.2.9 Leiði slys til varanlegrar læknisfræðilegrar örorku skulu VÍS og tryggður koma sér saman um einn hæfan matslækni til þess að meta afleiðingar slyssins.
- 5.2.10 VÍS stendur ekki að og greiðir ekki fyrir mat á varanlegri læknisfræðilegri örorku ef ljóst er, að álit VÍS á fyrirliggjandi gögnum og/eða töflu Örorkunefndar um miskastig, að lágmarki skv. grein 5.2.2 verði ekki náð.
- 5.3 Bætur fyrir tímabundinn missi starfsorku
- 5.3.1 Valdi slys tryggða tímabundnum missi starfsorku greiðir VÍS dagpeninga. Dagpeningarnir greiddast í hlutfalli við starfsorkumissinn frá lokum biðtíma og svo lengi sem tryggður er óvinnufær að mati lækni eða starfsorkumissirinn er orðinn varanlegur samkvæmt læknisvottorði eða örorkumati. Dagpeningar greiddast þó aldrei lengur en í 44 vikur og ekki fyrir tímabil að loknum 3 árum frá slysdegi.
- 5.3.2 Með biðtíma er átt við það tímabil sem samkvæmt skírteini eða endurnýjunarkvittun á að líða frá slysdegi þar til dagpeningagreiðslur hefjast. Fyrir þetta tímabil eru ekki greiddir dagpeningar.
- 5.3.3 VÍS tekur ákvörðun um greiðslu dagpeninga á grundvelli læknisvottorða og annarra gagna sem fyrir liggja.
- 5.3.4 Stafi starfsorkumissir slasaða að einhverju leyti af öðrum orsökum en slysinu lækka dagpeningar í beinu hlutfalli við það hvern þátt þessar orsakir eiga í missi starfsorkunnar.
- 5.3.5 VÍS bætir ekki tímabundinn starfsorkumissi sem er minni en 50% af eðlilegri starfsorku.
- 5.4 Bætur vegna tannbrots
- 5.4.1 VÍS greiðir viðgerðir á heilbrigðum og vel viðgerðum tönnum sem brotna eða laskast við slys.
- 5.4.2 Greiðsla VÍS takmarkast við 3% af grunntryggingarfjárhæð örorku vegna hvers slyss og samanlagðar greiðslur vegna slysa á einu tryggingartímabili við 10% af sömu fjárhæð.
- 5.4.3 VÍS bætir þó ekki tannbrot sem verða við vinnuslys, sbr. lög um almannatryggingar, eða brot sem verða þegar tryggður matast.
- 5.5 VÍS er heimilt að láta lækni, að vali félagsins, skoða tryggða.
- 5.6 VÍS er heimilt að afla sér upplýsinga um fyrra heilsufar tryggða að fengnu samþykki hans.
- 5.7 VÍS greiðir kostnað vegna nauðsynlegra læknisvottorða í tengslum við tryggingaratburð þegar þeirra er aflað að beiðni VÍS.



Ferðatrygging (Valkvætt)

A. Forfallatrygging

1. Hvað bætir tryggingin?

- 1.1 Tryggingin bætir fyrirframgreiddan ferðakostnað vegna ferðar til útlanda sem tryggður á samkvæmt samningi ekki rétt á að fá endurgreiddan ef hann neyðist til að hætta við ferð sína vegna:
- Alvarlegs slyss eða skyndilegra veikinda tryggða sem staðfest er með vottorði læknis um að tryggður sé ekki ferðafær. Sama á við ef tryggður deyr áður en ferð er farin.
 - Andláts, alvarlegs slyss eða skyndilegra alvarlegra veikinda maka, barna, barnabarna, foreldra, afa, ömmu, tengdforeldra, tengdabarna eða systkina tryggðs.
 - Verulegs eignatjóns á heimili tryggðs eða í einkafyrirtæki hans sem gerir nærveru tryggðs nauðsynlega. Samráð skal haft við VÍS um hvort nauðsynlegt sé að hætta við ferð.
 - Opinberrar sóttkvíar.
 - Kvaðningar tryggðs til að vitna fyrir dómi.
 - Starfa sem tryggður getur ekki komist hjá að vinna samkvæmt lögum um skyldusóttkví.
 - Þess að tryggður kemst ekki í ferð vegna opinberra hafta er leiða af farsótt.
- 1.2 Tryggingin bætir ekki fyrirframgreiddan ferðakostnað vegna:
- Sjúkdóms, meðferðar eða veikinda sem var fyrir hendi áður en tryggingin var tekin, staðfestingargjald greitt eða ferðakostnaður var greiddur.
 - Sjúkdóma sem verða á 9. mánuði meðgöngutíma.
 - Alvarlegs slyss sem átti sér stað áður en trygging var tekin eða var þegar orðið þegar ferðakostnaður var greiddur.
 - Slysa sem tryggður verður fyrir og eru undanskilin í c.-i. lið gr. 3.5 í frítímaslysatryggingu tryggingarinnar.
 - Annarra en þeirra sem njóta tryggingarverndar samkvæmt gr. 1 í almennum skilmála.
 - Skuldbindingar til flutningsaðila, ferðaskrifstofu, hótels eða leiguaðila þegar engar greiðslur hafa farið fram.
 - Vegna tjóns sem orsakast af því að vanrækt var að tilkynna ferðaskrifstofu eða þeim aðila sem útvegar flutningsfar eða gistingu að nauðsynlegt reyndist að hætta við ferð.
 - Flugvallaskatta og annarra gjalda sem sækja má til flutningsaðila.

2. Hversu mikið er greitt úr tryggingunni?

- 2.1 Hámarksfjárhæð bóta fyrir hvern tryggðan í hverjum tryggingaratburði kemur fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 2.2 Fjárhæð bóta breytist skv. vísitölu neysluverðs við endurnýjun.

3. Eigin áhætta

- 3.1 Af hverju tjóni ber tryggingartaki eigin áhættu sem tiltekin er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

4. Ákvörðun bóta

- 4.1 VÍS greiðir samkvæmt reikningi þá fjárhæð sem tryggður hefur greitt fyrir fram vegna ferðar sinnar.
- 4.2 Tryggður skal leggja fram nauðsynleg gögn vegna kröfu um bætur, t.d. læknisvottorð, farseðil og kvittun fyrir greiðslu á ferðakostnaði.
- 4.3 Tryggður skal ekki hagnast á tryggingaratburði. Tryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón tryggðs.

B. Ferðasjúkra- og ferðarofstrygging erlendis

5. Hvar gildir tryggingin?

- 5.1 Tryggingin gildir:



- a) Í frítíma á ferðalagi erlendis í 92 samfellda daga frá upphafi ferðar frá Íslandi.
- b) Í starfi, launuðu eða ólaunuðu, á ferðalagi erlendis í 92 daga samfellt frá upphafi ferðar frá Íslandi ef það tengist viðskiptafundum, skrifstofustörfum, ráðstefnum eða bóklegum námskeiðum.
- c) Í bóklegu námi erlendis í 92 daga samfellt frá upphafi ferðar frá Íslandi.

Ef þú ert við nám eða störf erlendis lengur en í 92 daga getur þú haft samband við VÍS og tryggt þig sérstaklega.

6. Hvað bætir tryggingin?

6.1 Ef tryggður slasast, veikist eða deyr á ferðalagi erlendis bætir tryggingin:

6.1.1 Sjúkrakostnað:

- a) Sjúkrahúsvist erlendis ásamt læknishjálpi, lyfjum og annarri þjónustu sem sjúkrahúsið veitir. Vistin og meðferðin skulu vera fyrirskipuð af lækni og greiðslan miðast við almennt sjúkrahús í viðkomandi landi.
- b) Læknishjálpi og lyf að læknisráði.
- c) Kvalastillandi tannviðgerðir í neyðartilvikum. Hámark bóta vegna tannviðgerða er 1% af hámarkssjúkrakostnaði tryggingarinnar.

6.1.2 Aukinn kostnað:

- a) Aukaútgjöld vegna sérstakrar hótelvistar þegar læknir á lítur að meðferð geti farið fram á hóteli. Til þessara útgjalda telst t.d. kostnaður vegna hjúkrunar og sjúkræfæðis. Hámarksbætur á sólarhring vegna þessa kostnaðar eru 1% af hámarkssjúkrakostnaði tryggingarinnar.
- b) Aukaútgjöld vegna heimferðar eða ferðar til þess að ná fyrir fram ákveðinni ferðaáætlun vegna tafar af völdum sjúkravistar tryggða að læknisráði, ásamt ferðakostnaði fylgdarmanns telji læknirinn slíks þörf.
- c) Auka ferða- og dvalarkostnað fylgdaraðila þegar tryggður slasast, veikist alvarlega eða deyr á ferð sinni ef hann er með í för eða er kvaddur til dvalarstaðar tryggða með samþykki ráðgefandi lækni VÍS. Hámarksbætur vegna þessa kostnaðar eru 6% af hámarkssjúkrakostnaði tryggingarinnar.

6.1.3 Sjúkraflutning:

- a) Telji læknir sá sem annast hefur tryggða vegna veikinda eða slyss á ferðalagi að tafarlaus heimferð sé nauðsynleg og geti orðið með venjulegum hætti, nægir VÍS skrifleg staðfesting læknisins. Í slíkum tilvikum greiðast aukaútgjöld vegna heimferðarinnar, t.d. aukasæti eða dýrara farrými. Ef um svo alvarlegan sjúkdóm eða slys er að ræða að læknirinn telur að flytja verði tryggða heim með öðrum hætti þarf skriflega staðfestingu ráðgefandi lækni VÍS á flutningnum.

6.1.4 Flutning á látnum:

- a) Látist hinn tryggði á ferð sinni greiðir VÍS kostnað við flutning hins látna til Íslands svo og aukakostnað samferðamanns hans og kostnað við lögboðnar ráðstafanir.

6.1.5 Kostnað vegna orlofsferðar:

- a) Verði orlofsferð rofin samkvæmt fyrirmælum læknis áður en hún er hálfnuð eða hafi tryggður legið á sjúkrahúsi a.m.k. hálfan ferðatímann greiðir VÍS andvirði ferðar sjúklingsins. Verði ferð rofin án þess að ofangreindum skilyrðum sé fullnægt greiðir VÍS hvorki ónýttan hluta ferðakostnaðar né nýja utanferð í stað þeirrar sem rofin var.
- b) Hámark bóta vegna endurgreiðslu orlofsferðar er 6% af hámarkssjúkrakostnaði tryggingarinnar.

6.1.6 Nauðsynlegan kostnað vegna heimferðar til Íslands ef tryggður neyðist til að rjúfa dvöl erlendis vegna:

- a) Andláts, alvarlegs slyss eða skyndilegra og alvarlegra veikinda maka, barna, barnabarna, foreldra, afa, ömmu, tengdforeldra, tengdabarna eða systkina tryggða.
- b) Verulegs eignatjóns á heimili tryggðs eða í einkafyrirtæki hans, sem gerir nærveru hans nauðsynlega. Samráð skal haft við VÍS um það hvort heimferðar er þörf.
- c) Hámark bóta vegna gr. 6.1.6 er 6% af hámarkssjúkrakostnaði tryggingarinnar.

6.2 Tryggingin bætir ekki:

- a) Sjúkrakostnað vegna sjúkdóma sem verða á 9. mánuði meðgöngutíma, við fæðingu eða fóstureyðingu.
- b) Sjúkrakostnað vegna langvinnra sjúkdóma og slysa sem tryggður hefur notið læknishjálpar við á síðastliðnum 12 mánuðum. Ákvæðið á ekki við um flutning á látnum til Íslands.



- c) Lyfjakostnað vegna lyfja sem tryggður hefur notað reglulega áður en ferð var hafin.
- d) Sjúkrakostnað vegna áframhaldandi lækni meðferðar ef tryggður neitar að láta flytja sig heim þrátt fyrir ráð lækni sem hefur stundað hann og ráðgefandi lækni VÍS.
- e) Sjúkrakostnað lengur en í þrjá mánuði vegna lækni meðferðar erlendis.
- f) Kostnað vegna lyfja án lækni ráðs, gervilima og gervitanna, gleraugna, snertisjónglerja, heyrnartækja og annarra sambærilegra tækja.
- g) Sjúkrakostnað vegna sjúkdóma eða slysa sem eru undanskilin samkvæmt 3. gr. frítímaslysatryggingar eftir því sem við á. Þó greiðir VÍS kostnað vegna sjúkdóms, slyss eða fráfalls hins tryggða af völdum matar- eða drykkjareitrunar, sýkingar vegna skordýrabits eða stungu, svo og af völdum vélknúins skráningarskylds ökutækis.

7. Hversu mikið er greitt úr tryggingunni?

- 7.1 Hámarksfjárhæð bóta fyrir hvern tryggðan í hverjum tryggingaratburði kemur fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 7.2 Fjárhæð bóta breytist samkvæmt vísitölu neysluverðs við endurnýjun.

8. Eigin áhætta

- 8.1 Af hverju tjóni ber tryggingartaki eigin áhættu sem tiltekin er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

9. Ákvörðun bóta

- 9.1 VÍS greiðir bætur samkvæmt reikningi.
- 9.2 Tryggður skal leggja fram nauðsynleg gögn vegna kröfu um bætur, t.d. lækni vottorð, farseðil og kvittun fyrir greiðslu á ferðakostnaði.
- 9.3 Tryggður skal ekki hagnast á tryggingaratburði. Tryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón tryggða.

C. Farangurtrygging erlendis

10. Hvað er tryggt?

- 10.1 Tryggingin tekur til persónulegra lausafjármuna sem tryggðu hafa með sér á ferðalagi. Úr og skartgripir bætast með allt að 5% af þeirri hámarksfjárhæð sem fram kemur í skírteini eða endurnýjunarkvittun fyrir innbústryggingu heimilstryggingar í kafla II. A.
- 10.2 Tryggingin tekur ekki til peninga, farmiða, ferðatékka, ávísana, skuldabréfa eða annarra verðbréfa, handrita og frímerkja.
- 10.3 Fjárhæð bóta sem fram kemur á skírteini eða endurnýjunarkvittun skiptist hlutfallslega á hina tryggðu á ferðalögum erlendis, þó með þeirri takmörkun að hámark bótafjárhæðar fyrir hvern hinna tryggðu nemur 10% af fjárhæð bóta vegna innbús en samanlögð fjárhæð bóta getur þó aldrei orðið hærri en sú fjárhæð sem fram kemur í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

11. Hvar gildir tryggingin?

- 11.1 Tryggingin gildir á ferðalagi erlendis í 92 samfellda daga frá upphafi ferðar frá Íslandi.

12. Hvað bætir tryggingin?

- 12.1 Tryggingin bætir tjón sem verður á hinum tryggða farangri:
 - a) Af völdum bruna.
 - b) Vegna þjófnaðar úr híbýlum, bifreiðum, húsvögnum og bátum.
 - c) Vegna ráns.
 - d) Vegna flutningslyss.
 - e) Ef hann týnist alveg í flutningi.
 - f) Vegna skemmdarverka.
- 12.2 Tryggingin bætir ekki:
 - a) Tjón á brothættum hlutum, svo sem útvarpstækjum, hljómlutningstækjum, sjónvörpum, myndbandstækjum, dvd spilurum, upptökuvélum, myndavélum, gleraugum, postulíni og glervöru, nema tjónið orsakist af bruna, þjófnaði eða af því að flutningstæki hlekkist á eða að árekstur verður milli farartækja og tjón fæst ekki að lögum bætt úr ábyrgðartryggingu þeirra.



- b) Skemmdir á ferðatöskum og öðrum hlífðartöskum.
- c) Tjón á hlutum vegna þess að þeir rispast, beyglast eða merjast ef það rýrir ekki notagildi þeirra.
- d) Tjón á hlutum ef þeir rifna eða skemmast í notkun, svo sem fatnaður, skíði og önnur íþróttaáhöld.
- e) Tjón sem stafar af eðlilegu sliti eða galla eða skemmdir sem skaðleg smákvikindi valda, t.d. mölur.
- f) Innri skemmdir, svo sem vélrænar bilanir, skammhlaup og aðrar skemmdir á rafkerfum.
- g) Tjón vegna eignaupptöku, kyrrsetningar og svipaðra aðgerða opinberra aðila.
- h) Tjón á tölvugögnum og hugbúnaði.
- i) Minjagildi.

13. Varúðarreglur

- 13.1 Tryggður skal loka gluggum, krækja þá aftur og læsa hibýlum, bifreiðum, húsvögnum og bátum þar sem hinir tryggðu munir eru skildir eftir.
- 13.2 Tryggður skal ekki skilja við hina tryggðu muni eftirlitslausa á almannafæri og gæta þess að taka þá með þegar staður er yfirgefinn.
- 13.3 Tryggður skal sjá til þess að hinir tryggðu munir séu í viðeigandi og fullnægjandi umbúðum til að þola flutning.

14. Háttsemi annarra

- 14.1 Við ákvörðun bótaábyrgðar áskilur VÍS sér rétt til að bera fyrir sig háttsemi maka tryggða og aðila sem hann býr með í föstu varanlegu sambandi.⁷

15. Undirtrygging

- 15.1 Sé verðmæti farangurs meira en fjárhæð bóta sem fram kemur í skírteini eða endurnýjunarkvittun greiðast bætur hlutfallslega.

16. Tilkynning til flugfélags vegna tjóns

- 16.1 Skemmist farangur eða týnist í flugi eða á meðan farangur er í vörslu flugfélags er tryggða skylt að tilkynna skemmdirnar/tapið strax við landingu eða innan 7 daga til afgreiðslu flugfélagsins á þar til gerðu eyðublaði (P.I.R. skýrslu). Tryggður skal framvísa afriti skýrslunnar, ásamt kvittunum þar sem fram kemur hvort og þá hve mikið var greitt af flugfélaginu, til VÍS þegar tjón er tilkynnt.

17. Ákvörðun bóta

- 17.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi á nýjum hlut, sambærilegum þeim sem skemmdist. VÍS er heimilt að draga frá bótum verðrýrnun vegna aldurs, notkunar og annarra atriða sem geta haft áhrif á verðmæti hlutarins. Skal þá beita afskriftarreglum í innbúskafila heimilistryggingar.
- 17.2 VÍS getur annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða ráðstafað hlutum til viðgerðar og greitt viðgerðarkostnað, ef unnt er að gera við hlutinn þannig að hann verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati VÍS.
- 17.3 VÍS getur greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu að teknu tilliti til verðrýrnunar samkvæmt gr. 17.1, ef hluturinn skemmist það mikið að ekki er unnt að gera við hann eða það borgar sig ekki að mati VÍS. Hafi VÍS greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til hlutarins sem skemmdist.
- 17.4 VÍS hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti hlutarins sem skemmdist eins og það var fyrir tryggingaratburð og verðmæti eftir tryggingaratburð.
- 17.5 Bætur vegna tjóns á hljóð- og myndritum takmarkast við andvirði óritaðs disks, bands eða filmu að teknu tilliti til eðlilegra afskrifta. Þó greiðast bætur vegna útgefina hljóð- og myndrita og miðast þá við kaupverð að teknu tilliti til eðlilegra afskrifta.
- 17.6 Tryggður skal ekki hagnast á tryggingaratburði. Tryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón tryggða.
- 17.7 Stolnir munir sem koma fram eftir að VÍS hefur bætt tjón eru eign VÍS og skal þeim skilað til þess. Tryggður getur þó haldið mununum ef hann óskar þess með því að endurgreiða bæturnar.

⁷ sbr. 29. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.



18. Hversu mikið er greitt úr tryggingunni?

- 18.1 Hámarksfjárhæð bóta í hverjum tryggingaratburði kemur fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 18.2 Fjárhæð bóta sem fram kemur í skírteini eða endurnýjunarkvittun er ekki sönnun fyrir verðmæti hinna tryggðu hagsmuna.
- 18.3 Fjárhæð bóta breytist samkvæmt vísitölu neysliverðs við endurnýjun.

19. Eigin áhætta

- 19.1 Af hverju tjóni ber tryggingartaki sjálfur eigin áhættu sem tiltekin er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

D. Farangurstafatrygging

20. Hvar gildir tryggingin?

- 20.1 Tryggingin gildir í áætlunar- eða leiguflugi í 92 samfellda daga frá upphafi ferðar frá Íslandi.

21. Hvað bætir tryggingin?

- 21.1 VÍS greiðir bætur til kaupa á nauðsynjum fyrir hvern tryggðan 16 ára og eldri ef þeir fá ekki innritaðan farangur sinn afhentan innan 12 klukkustunda eftir að á áfangastað er komið, vegna tafar eða rangrar afgreiðslu.
 - 21.1.1 VÍS greiðir þó bætur vegna barna yngri en 16 ára ef þau ferðast án samfylgdar forráðamanns.
- 21.2 VÍS greiðir ekki bætur vegna tafa á farangri sem kemur í ljós eftir að til Íslands er komið.
- 21.3 VÍS greiðir ekki bætur ef farangurstöfin uppgötvast innan sama sólarhrings og ferð lýkur á Íslandi.
- 21.4 VÍS áskilur sér rétt til að óska eftir greiðslukvittun vegna útlagðs kostnaðar.

22. Varúðarregla

- 22.1 Tryggður skal haga ferðatíma sínum þannig að tímamörk fyrir tengiflug sé ekki þengri en lágmörk viðkomandi flugfélags/flugvallar kveða á um og athugasemd er gerð um í farbókun.

23. Hversu mikið er greitt úr tryggingunni?

- 23.1 Hámarksfjárhæð bóta fyrir hvern tryggðan í hverjum tryggingaratburði kemur fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 23.2 Fjárhæð bóta breytist samkvæmt vísitölu neysliverðs við endurnýjun.

24. Tilkynning til flugfélags vegna tjóns

- 24.1 Týnist farangur í flugi eða á meðan farangur er í vörslu flugfélags er tryggð skýlt að tilkynna tapið strax við landingu til afgreiðslu flugfélagsins á þar til gerðu eyðublaði (P.I.R. skýrslu). Tjónþola ber að framvísa til VÍS skriflegri staðfestingu frá flugfélaginu þar sem tímalengd tafar kemur skýrt fram.

Það sem fram kemur á hægri spássíu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavini en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.